



Skýrsla sveitarstjóra. júní 2019.

Framkvæmdir Þegar þetta er ritað er, hafa verið gefið fyrirheit um að malbikun gangstíga og gatna í hverfum í Árnesi og Brautarholti verið lokið innan fárra daga. Götunni Bugðugerði verður semsagt gerð skil í leiðinni og þar með stuttri viðbót við götuna sem lögð var fyrir stutt. Þar með sjáum við undir lok þessa stóra verks. Það verður lagt uppúr því að frágangur verði með fullnægjandi hætti. Hef ég ekki ástæðu til að ætla annað en svo verði. Stutt er í að verktakinn Slásbyggingar ehf skili af sér raðhúsinu Bugðugerði 3. Framkvæmdir við Bugðugerði 9, sem verður 3 íbúða raðhús munu hefjast fljótlega. Það er Þrándarholt sf sem mun byggja við það hús. Steyptur hefur verið sökkull að parhúsi á lóðinni Holtabraut 18 -20 í Brautarholtshverfi, Tré og straumur ehf er þar verktaki. Einn aðili hefur sýnt því að byggja allt að 9 íbúum við Holtabraut og Vallarbraut. Selásbyggingar hefur verið úthlutað lóðinni Heiðargerði 1 og iðnaðarlóð í Brautarholti. Lóð við Tvísteinabraut hefur verið úthlutað undir iðnaðarhúsnæði það mun rísa innan tíðar væntanlega. Það er því ekki annað hægt að segja en líflegt sé í sveitarfélaginu hvað framkvæmdir varða. Að því ónefndu að talsvert er spurt um lausar lóðir.

Fyrir nokkru var lokið við lagfæringum á stéttum við félagsheimilið Árnes og Þjósárskóla. Við eigum eftir að lagfæra stéttina fyrir utan bókasafnið.

Enn er verið að meta ástand Skeiðalaugar og munum við líklega setjast í sveitarstjórn vel yfir ástandsmat með haustinu. Verið er að stækka tjaldsvæðið við Árnes. Með því mun plássíð aukast talsvert, jafnframt mun tenglum fjölga.

Stutt er í að nýja borholan okkar í Þjósárholti verði virkjuð. Starfsmenn hitaveitunnar standa í ströngu við það. Nýja borholan skila gríðarlegu magni af ca 67 gráðu heitu vatni. Eða ca 80 lítrum á sekúndu og til viðbótar er vatnið úr gömlu holunni. Það er enginn vafi á að í því felast mikil samfélagsleg verðmæti. Það munu eiga sér stað lagfæringar á Skaftholtsréttum á næstunni. Það þarf að hækka upp hluta af réttarveggjunum.

Verið er að skoða möguleika á að tengja Þrándarholtsbæi við kalda vatnsveitu Hrunamanna.

Með haustinu verður nýr vegur að Hjálparfossi, en Landsvirkjun kostar veginn.

Nýtt aðalskipulag. Aðalskipulag 2017-2029 er farið í auglýsingu. Athugasemdafresti lýkur 7 ágúst nk. Það má búast við að einhverjir aðilar geri athugasemdir í þeim efnunum. Að frestinum loknum þarf að taka afstöðu til athugasemda. Eftir það fer það aftur til Skipulagsstofnunar og það í Stjórnartíðinda til gildistöku. Varla er sennilegt að gildistaka aðalskipulagsins geti átt sér stað fyrr en í október.

Starfsmannamál. Bjarni Jónsson húsasmíðameistari tók til starfa í lok apríl og er hann þegar búinn að koma sér inn í sitt verkswið. Ég vænti góðs af hans störfum. Kristjana á skrifstofunni hefur verið frá vinnu síðan snemma í apríl vegna veikinda. Hún kemur til baka eftir sumarleyfi í lok júlí. Við þurðum finnum að sjálfsögðu fyrir auknu vinnuálagi vegna fjarveru hennar. En allt fer það einhvern veginn. Það hefur gengið vel að manna störf í Þjósárskóla. Í stað þeirra kennara sem hættu hafa verið ráðnir tveir fullmenntaðir kennara. Einnig gengur vel að manna störf í Leikholti. Við megum sannarlega una vel við það.

Friðlýsingar og önnur mál í Þjósárdal. Það er unnið að friðlýsingum í Þjósárdal eins og kunnugt er. Vel hefur verið unnið að því máli. Tillagan hefur verið kynnt vel og veðrur friðlýsingin væntanlega



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

tilbúin með haustinu. Undirbúningur framkvæmda í Reykholti eru í undirbúningi og ekki ólíklegt að þær geti hafist næsta vor. Einnig er verið að skoða hugmyndir í Hólaskógi.

Samgöngur. Svæðisstjóri Vegagerðarinnar hefur tilkynnt að umtalsverðu fé veði varið í ofaniburð og styrkingu vega í sveitarfélaginu. Notað verður efni úr Skáldabúðanámu. Væntingar eru til þess að þetta muni þýða umtalsverðar samgöngubætur. Á næstu dögum verður farið í lagfæringar á veginum að Háafossi. Það þarf ekki að fjölýrða um nauðsyn þess. Íbúafundurinn um vegamál sem haldinn var 25 júní var virkilega vel sóttur og koma ekki á óvart að þeir sem til máls tóku voru almennt allt annað en ánægðir með ástand veganna hér í sveit.

Fjármál. Fjárhagsstaða sveitarfélagsins er heldur þyngrri en ég vildi að hún væri. Við höfum lagt talsvert út til framkvæmda það sem af ári. Staðgreiðslutekjur hafa verið minni það sem af er árinu en búist var við. Ég vænti þess samt að úr rætist, og fjárhagsafkoman verði viðunandi á árinu. Til þess getur komið að taka þurfi lán vegna gatnagerðarinnar. En það verður metið þegar líður á árið. Ég tel æskilegt að vinna árshlutauppgjör. Helst sex mánaða.

Íbúar Fjöldi íbúa voru 603 1. Júní sl. Nokkuð hefur þeim fækkað að undanfögnu.

Kristófer Tómasson sveitarstjóri